

Fundargerð

153. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 5. júní kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Vorfundur.

Þann 7. og 8. maí s.l. var haldinn á Suðurlandi árlegur vorfundur með Umhverfisstofnun, Matvælastofnun, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og ráðuneytum. Á fundinum voru m.a. kynnt ný efnalög og framkvæmd þeirra, handbók vegna eftirlits á matvælasviði, áhættugreiningar í matvælaframleiðslu og möguleikar á skráningum í gagnagrunna. Einnig var til umfjöllunar vinna starfshóps varðandi endurskoðun á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og hugleiðingar innan hópsins um kosti og galla þess að sameina eftirlitsstofnanir í stærri og færri einingar.

3. Moltu ehf, Þveráreyrum, staða mála, fyrirhuguð áminning.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra bókaði þann 13. mars sl. fyrirhugaða áminningu á Moltu ehf. og veitti fyrirtækinu frest til 15. apríl til að koma sjónarmiðum þess á framfæri.

Eftirfarandi var bókað:

Í ljósi þess að óvissa hefur ríkt um rekstrargrundvöll Moltu ehf. ákvað heilbrigðisnefnd á fundi sínum þann 24. apríl að fresta fyrirhuguðu áminningarferli þar til ljóst yrði um framtíð fyrirtækisins. Jafnframt var óskað eftir því við stjórnarmenn í Moltu ehf. að vinna við tímasetta úrbótaáætlun yrði sett í gang um leið og rekstrarforsendur myndu skýrast. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnarformanni Moltu ehf. hafa rekstrarforsendur nú þegar skýrst á jákvæðan veg. Heilbrigðisnefnd hefur hinsvegar ekki borist tímasett áætlun til úrbóta eins og eftir var óskað.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra veitir því Moltu ehf. áminningu í samræmi við 26.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er fyrirtækinu veittur frestur til 1. júlí 2013 til að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á því að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 er Moltu ehf. heimilt að vísa ágreiningi um ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur úrskurðarnefndar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Kristín Halldórsdóttir óskaði eftir því að fært yrði til bókar að hún væri mótfallin því að veita Moltu ehf áminningu þar sem nú væri unnið að úrbótaáætlun með aðstoð verkfræðistofu.

4. Ágreiningur milli ferðaþjónustu og alifuglaræktar á lögbýli; staða mála.

Skýrt var frá ágreiningi á milli hagsmunaaðila í Sveinbjarnargerði í Svalbarðsstrandarhreppi og aðkomu heilbrigðisfulltrúa að málinu; m.a. hvað

varðar mengunarvarnir vegna landbúnaðar í Sveinbjarnargerði og á nálægum jörðum og uppbyggingu á ferðapjónustu í Sveinbjarnargerði.

Heilbrigðisnefnd bendir á mikilvægi þess að deiliskipulag verði unnið fyrir Sveinbjarnargerði og hvetur jafnframt deiluaðila til að hafa samstarf um úrbætur og lausnir.

5. **Beiðni skipulagsnefndar Akureyrarbæjar um umsögn vegna dýragrafreits.**

Kynnt var beiðni skipulagsdeildar Akureyrarbæjar um umsögn um dýragrafreit. Heilbrigðisnefnd lýsir yfir ánægju með áform um að skipuleggja og reka dýragrafreit á heppilegum stað.

6. **Aðalskoðanir leiksvæða; bréf Umhverfisstofnunar til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis.**

Kynnt var erindi frá Umhverfisstofnun til ráðuneytis um mikilvægi þess að framkvæmd aðalskoðana á leiksvæðum verði allsstaðar hrint í framkvæmd í samræmi við gildandi reglugerð þar um.

7. **Umsókn frá Norðlenska ehf um undanþágu frá starfsleyfisskilyrðum vegna fráveitu.**

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra getur ekki fallist á beiðni Norðlenska ehf. um undanþágu frá kröfu um söfnun blóðs við slátrun.

Heilbrigðisnefnd getur hinsvegar fallist á að Norðlenska ehf. fái undanþágu frá ákvæði í starfsleyfisskilyrðum þar sem segir að mörk COD skuli vera að hámarki 1000 mg/L.

Heilbrigðisnefnd bendir þó á að með því að hætta losun lífræns úrgangs á formi blóðs í fráveitu þá mun fyrirtækið að öllum líkindum ná þeim losunarmörkum sem gefin eru upp í starfsleyfisskilyrðum.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Stafanúpur ehf, kt. 601207-1250, Brekkugötu 33, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
2. Íslenska hamborgarafabrikkan, Norðurnaust ehf, kt. 580213-2510, Hafnarstræti 87-89, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingahús. **Samþykkt.**
3. Ísbúðin Akureyri; Ís og kaffi ehf kt. 580313-1240, Geislagötu 10, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstri á kaffihúsi og ísbúð. **Samþykkt.**
4. Sólheimar, Ástríður S. Valbjörnsdóttir, kt. 300460-4379, Holtagötu 6, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir heimagistingu. **Samþykkt.**
5. Reynivellir 2, Hildur Tryggvadóttir kt. 110658-2069, Reynivöllum 2, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð. **Samþykkt.**
6. Norðurport-Lifandi markaður, útmarkaður á Ráðhústorgi, Akureyri, Hulda Margrét Traustadóttir, kt. 240652-4559, Vestursíðu 14f, Akureyri, umsókn um starfsleyfi til að selja vörur frá Hnýfli og græmeti frá Hveravöllum. **Samþykkt.**

7. Sumarbúðirnar Ástjörn, kt. 580269-0609, 671 Kópasker, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt að endurnýja fyrra starfsleyfi til eins árs.**
8. Myndlistarskólinn á Akureyri, kt. 521201-2310, Kaupvangsstræti 16, Akureyri, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**
9. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, SÍMEY, kt. 660900-2090, Þórsstíg 4 Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir námsver við Skíðabraut á Dalvík. **Samþykkt.**
10. Karatefélag Akureyrar, kt. 711008-1440, Óseyri 1, umsókn um starfsleyfi fyrir karateæfingar/þjálfun fyrir börn og unglíng. **Samþykkt.**
11. Ósafll sf., kt 670308-1460, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Umsókn um starfsleyfi fyrir jarðgangagerð í Vaðlaheiði með starfsstöð Eyjafjarðarmegin. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**
12. Ósafll sf., kt 670308-1460, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Eldhús og mótuneyti vegna jarðgangagerðar í Vaðlaheiði; starfsstöð Eyjafjarðarmegin. **Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt.**

Önnur mál:

Skýrt var frá mengun af völdum leysinga og aurskriðu í vatnsból sem þjóna vatnsveitu í Svalbarðsstrandarhreppi og eru í landi Garðsvíkur.

Þórdísi Rósu Sigurðardóttur voru þökkuð góð störf í þágu heilbrigðisnefndar og Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir boðin velkomin til starfa.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.15.

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
formaður

Þórdía Rósa Sigurðardóttir
fráfarandi formaður

Sigurjón Jóhannesson

Birna Jóhannesdóttir

Hafsteinn H. Gunnarsson

Steinn Karlsson

Kristín Halldórsdóttir

Alfreð Schiöth

Porkell Björnsson

Þórey Agnarsdóttir

María Markúsdóttir

Jón Torfi Halldórsson